

VIT-INN

22. ágúst 2011

Vitinn kemur út á haustin og er ætlaður fyrir nýnema skólans. Hann er hluti af skólánámská MB.



MENNTASKÓLI BORGARFJARÐAR

SJÁLFSTÆÐI
FÆRNI
FRAMFARIR

Inngangur

Kolfinna Jóhannesdóttir, skólameistari

Kæri nemandi.

Velkomin í Menntaskóla Borgarfjarðar. Nú er að hefjast mikilvægt tímabil í lífi þínu. Framundan er mikil vinna sem krefst ástundunar og reglusemi. Ég hvet þig til að setja þér strax í upphafi þín eigin markmið um ástundun og árangur í náminu. Ég hvet þig einnig til að nýta þér vel námsráðgjöfina okkar, oft er gott að fara í áhugasviðspróf hjá námsráðgjafa og hann mun einnig leiðbeina þér um námstækni síðar í vetur. Það auðveldar þér að þróa með þér þínar eigin aðferðir til að læra. Þú átt jafnframt eftir að kynnast fullt af öðrum nemendum og nýjum kennurum. Hugsanlega átt þú eftir að eignast þína bestu vini fyrir lífstíð hér í Menntaskóla Borgarfjarðar. Hér er öflugt félagsstarf sem ég hvet þig til að taka þátt í. Oft er maður ekki viss um hvert skal stefna á framhaldsskólaárunum. Það að skipta um braut getur því stundum verið nauðsynlegt, það þýðir þó ekki að maður hafi tapað tíma. Það að kynnast ólíkum námsgreinum getur örvað sýn okkar á þverfagleg tækifæri í atvinnulífínu síðar meir. Þegar líður á námið er líklegt að þú sjáir betur hvert þú viljir stefna í

atvinnulífi og eða frekara námi. Við leggjum metnað okkar í að styrkja þig sem einstakling á öllum sviðum, stuðla að auknum námsárangri þínum, jákvæðum og heilbrigðum lífstíl, ásamt því að þjálfa þig í gagnrýninni hugsun og sjálfstæðum vinnubrögðum. Í þessari handbók er að finna ýmsar gagnlegar upplýsingar um skólastarfið sem ég hvet þig til að kynna þér.

Velkomin í
Menntaskóla Borgarfjarðar



1. Skipulag náms

Skólaárið

Skólaárinu er skipt í tvær annir, haustönn og vorönn. Kennsla á haustönn hefst í kringum 20. ágúst og lýkur um miðjan janúar. Kennsla á vorönn hefst í janúar og lýkur í júní. Skólaárið í MB er 184 dagar.

Áfangakerfi

Skólinn starfar eftir áfangakerfi. Það þýðir að hverri námsgrein er skipt í áfanga sem hver um sig er kenndur á einni önn og lýkur með lokaeinkunn sem gefin er út frá námsmati annarinnar. Fyrir flesta nýnema er áfangakerfið mikil breyting frá grunnskólánámi þar sem hver og einn tilheyrir nú ákveðnum námshópi í stað bekkjar. Það kerfi sem MB býður upp á er nokkuð frábrugðið öðrum áfangaskólum að því leyti að nemendur taka fleiri einingar í áföngum sem stafar af lengd hvernar annar.

Námsgreinar og áfangar

Áfangar eru mismargir eftir námsbrautum. Hver námsáfangi er táknður með þremur bókstöfum og þremur tölustöfum t.d. ÍSL 103. Bókstafirnir eru skammstöfun á heiti námsgreinar. Fyrsta talan segir til um hvar í röðinni áfanginn er (ef fyrsta talan er 1 þá er þetta byrjunaráfangi í greininni), annar tölustafur segir til um gerð áfangans (almennur áfangi eða sértækur) og þriðja talan gefur til kynna einingarfjöldann. Áfangar sem hafa 9 í millitölu, s.s. STÆ 192 eru fornámsáfangar og eru ekki metnir til eininga á stúdentsprófsbrautum.

Einingar

Hver áfangi er metinn til eininga. Til að ljúka námi á mismunandi brautum þarf ákveðinn einingafjölda. Á stúdentsbrautum þarf að ljúka 133 einingum. Með nýjum lögum um framhaldsskóla verða teknar upp svokallaðar F-einingar (framhaldsskólaeiningar) en það eru mælieiningar á vinnuframlagi nemenda. Miðað er við að árlegur fjöldi vinnudaga nemanda sé 184 dagar eða 38 vikur. Stefnt er að upptöku nýju framhaldsskólaeininganna (fein) haustið 2012 í MB.

Skólanámskrá

Skólanámskrá MB skiptist í tvo hluta, annars vegar almennar upplýsingar um starfsemi skólans, stefnu hans, umgjörð skólastarfsins og aðrar nauðsynlegar upplýsingar sem varða skólastarfið og hins vegar í lýsingar á þeim áföngum sem eru í boði. Námsleiðir í MB eru nokkrar og námstíminn getur verið breytilegur. Skólanámskrá MB er að finna á heimasíðu skólans <http://www.menntaborg.is>

Námsval

Skólinn ákveður hvaða áfanga nýnema taka á fyrstu önn þeirra í skólanum. Eftir það kemur val nemenda til sögunnar. Nemendur bera fulla ábyrgð á námi sínu og framvindu þess. Nemendur fá umsjónartíma með umsjónarkennara vegna námsvals og framvindu í námi.

Stundatöflur – kennslustundir

Stundatöflur nýnema eru byggðar á ákvörðun skólans um það hvað þykir eðlilegt nám á mismunandi brautum. Stundatöflum er ekki breytt nema fyrir því séu mjög góðar ástæður. Lengd hvernar kennslustundar eru 40 mínútur en oftast eru tvær kennslustundir í röð í sama áfanga. Venjulegur skóladagur hefst kl. 8:20 og lýkur um kl. 17:00 en fyrr á föstudögum. Nemendur eru hvattir til að nýta göt í stundaskrá til verkefnavinnu og heimanáms.



2. Námsbrautir

Almenn braut

Almenn námsbraut(/framhaldsskólabraut er eins til tveggja ára námsbraut með möguleika fyrir nemendur að færa sig yfir á stúdentsprófsbraut að loknu fyrsta námsári. Brautin er ætluð þeim sem ekki hafa náð nægjanlegum námsárangri að mati skóla og eftir atvikum nemanda/foreldra, til að hefja nám á stúdentsprófsbraut. Lögð er áhersla á grunnþjálfun í kjarnafögum ásamt sjálfstyrkingu og verkefnavinnu af ýmsu tagi.

Félagsfræðabraut

Á félagsfræðabraut er megin áherslan á samfélagsgreinar og viðskiptagreinar en 46 einingar eru á þessu sviði brautarinnar. Innan samfélags- og viðskiptagreina eru 20 valeiningar eða flakkarar sem nemendur geta fært á milli allt eftir því hvaða áherslur þeir eru að leggja á sitt nám. Mögulegt er í framtíðinni þegar nemendafjöldinn eykst að auka val áfanga innan þessara tveggja megin sviða brautarinnar. Einnig er lögð áhersla á nám og kennslu í erlendum tungumálum.

Náttúrufræðibraut

Á náttúrufræðibraut er megináherslan á náttúrufræði, alls 32 einingar, auk samfélagsgreina og stærðfræði. Innan náttúrufræðigreina eru 12 valeiningar sem nemendur geta fært á milli áfanga. Einnig er lögð áhersla á nám og kennslu í erlendum tungumálum en þar eru valeiningarnar 4.

Starfsbraut

Starfsbraut er námstilboð fyrir nemendur sem ekki geta nýtt sér almennt námstilboð framhaldsskóla. Námið er bæði bóklegt og verklegt. Áhersla er lögð á tengsl við atvinnulífið í nærumhverfi skólans. Námsstími er 4 ár og fjöldi kennslustunda á viku er breytilegur. Meginmarkmið námsins er að gera nemendur virka þátttakendur í þjóðfélaginu og sjálfbjarga í daglegu lífi að því marki sem hverjum og einum er mögulegt.



3. Skipulag náms

Skipulag námsins ræðst af þeirri námsbraut sem nemandinn er skráður á, stöðu nemandans þegar hann kemur í skólann o.fl. Allir nemendur fara í lífsleikni og upplýsingatækni á fyrstu önn. Lífsleiknin í MB er skipulögð með það að markmiði að styðja nemendur sem eru að hefja nám í framhaldsskóla og hjálpa þeim eins og kostur er að laga sig að breyttu starfsumhverfi og kröfum. Sérstaða skólans er m.a. sú að allir nemendur sækja tíma í samkvæmisdönsum einu sinni í viku og allir nemendur hafa fartölvur sem auðveldar mjög allt nám og kennslu.



Allir nemendur Menntaskóla Borgarfjarðar skuldbinda sig með staðfestingu umsóknar að fylgja þeim reglum sem skólinn setur. Einkunnarorð skólans eru: Sjálfstæði – Færni – Framfarir og eru lýsandi fyrir innra starfið. Nemendur og starfsfólk skuli ætíð hafa virðingu og umburðarlyndi í hávegum og líta til þess að einstaklingar eru mismunandi með ólíka getu og þarfir.

Skólasókn

Reglur um skólasókn

Nemendur skulu sækja stundvíslega allar kennslustundir. Mæti nemandi of seint í kennslustund fær hann hálf fjarvistarstig, mæti nemandi meira en 10 mínútum of seint fær hann eitt fjarvistarstig. Nemendur fá ekki einkunn fyrir skólasókn.

Niðurfelling fjarvistarstiga

Heimilt er að fella niður fjarvistir vegna veikinda sem hafa verið tilkynnt.

- Nemendur þurfa að tilkynna veikindi samdægurs fyrir kl 10:00 á skrifstofu skólans. Ef nemandi er yngri en 18 ára þarf forráðamaður að tilkynna veikindi. Nemendur með langvinn veikindi eða sem þurfa tímabundið að vera fjarverandi vegna veikinda þurfa að framvísa læknisvottorði.

Heimilt er að veita leyfi:

- Vegna námsferða á vegum skólans
- Vegna starfa í stjórn Nemendafélags Menntaskóla Borgarfjarðar
- Vegna undirbúnings og þátttöku í keppni á vegum skólans, íþróttafélags eða sérsambands íþróttafélaga. Staðfesting viðkomandi félags eða sérsambands um þátttöku þarf að fylgja umsókn um leyfi.
- Vegna fráfalls náins ættingjar eða vinar.
- Vegna ófærðar eða annarra óviðráðanlegra tilvika sem nemandi eða forráðamaður staðfestir.
- Vegna rökstuddrar umsóknar um brýn erindi frá nemanda og forráðamanni ef við á.

Sækja þarf um öll leyfi til skólameistara

Meðferð og viðurlög

Skólasókn þarf að vera 85% til að nemandi eigi vísa skólavist á næst önn.

- Þegar nemandi er kominn í 90% skólasókn fær hann og forráðamaður ef við á skriflega viðvörðun og nemandi fer í viðtal hjá umsjónarkennara
- Þegar nemandi er kominn í 88% skólasókn fer hann í viðtal hjá skólameistara eða aðstoðarskólameistara eftir atvikum.

Skólasókn í áfanga þarf að vera 85% til að nemandi hafi staðist viðkomandi áfanga.

- Fáir nemandi 17 óútskýrð fjarvistastig úr tilteknum 4 eininga áfanga er hann fallinn í áfanganum
- Fáir nemandi 13 óútskýrð fjarvistastig úr tilteknum 2 eininga áfanga er hann fallinn í áfanganum

Skólameistara er heimilt að víkja nemanda úr námi að því tilskildu að nemandi hafi fengið viðeigandi aðvaranir.

Nemandi hefur rétt til áfrýjunar til skólanefndar

4. Námsmat

Leiðsagnarmat

Í Menntaskóla Borgarfjarðar eru ekki hefðbundin lokapróf í lok anna. Námsmat í MB byggir á svokölluðu leiðsagnarmati. Leiðsagnarmat getur hvort sem er verið formlegt þ.e. próf eða óformlegt, þ.e. mat á frammistöðu í verkefnum, munlegum skilum og annarri vinnu samþætt öllu skólastarfi. Tilgangur leiðsagnarmats er að hjálpa nemandanum með leiðsögn kennarans að nálgast markmið sín í náminu og ákveða hvert skal stefna. Leiðsagnarmat þarf að vera þannig að það sé sífelld endurgjöf frá kennaranum um nám og frammistöðu nemenda á hverjum tíma, til þess að endurgjöfin hafi einhverja þýðingu. Frammistöðumat er mikilvægur þáttur í leiðsagnarmati því þá hefur kennarinn tækifæri til að leiðbeina nemendum um hvað betur má fara og hvað vel er gert, í þeim tilgangi að þeir geti bætt sig. Það hefur komið í ljós í rannsóknum sem gerðar hafa verið að þar sem mat er notað til leiðsagnar hafa yfirleitt orðið miklar breytingar til batnaðar.

Vörður

Nemendur eru metnir jafnóðum allan námstímann og fá endurgjöf á vinnu sína fjórum sinnum á önn á svokölluðum Vörðum. Einkunnir í vörðum eru á þriggja stiga skala þ.e. Mjög gott – Í lagi – Ófullnægjandi, ásamt skriflegum ábendingum frá viðkomandi kennara (sjá námsmatsbækling).

Lokaeinkunn áfanga

Þar sem ekki eru formleg annarpróf heldur leiðsagnarmat mun skólinn gera miklar kröfur til námsmatsaðferða. Lokaeinkunnir í áföngum eru gefnar í heilum tölum á bilinu 1 – 10 eins og um getur í þar til gerðri reglugerð menntamálaráðuneytisins.

Einkunn		Markmið
10	u.þ.b.	95 – 100%
9	-	85 – 94%
8	-	75 – 84%
7	-	65 – 74%
6	-	55 – 64%
5	-	45 – 54%
4	-	35 – 44%
3	-	25 – 34%
2	-	15 – 24%
1	-	0 – 14%



Til að standast lágmarkskröfur hvers áfanga þarf lágmarkseinkunnina 5. Námsmatsaðferðir eru fjölbreyttar og geta verið mismunandi eftir áföngum.

Mat á námi úr öðrum framhaldsskólum

Ef nemandi flyst á milli skóla sem starfa samkvæmt aðalnámskrá menntamálaráðuneytisins getur hann fengið áfanga sem hann hefur lokið metna svo framarlega sem þeir eru skilgreindur hluti af námsbraut sem hann er skráður á í Menntaskóla Borgarfjarðar. Áfanga, sem kunna að falla utan brautarinnar, má meta sem valeiningar að því marki sem nemur valeiningakvóta viðkomandi brautar.

Einingar sem nemendur hafa fengið vegna skólasóknar í öðrum framhaldsskólum eru ekki metnar til eininga á viðkomandi námsbraut í Menntaskóla Borgarfjarðar. Þess er getið á prófskírteini ef nám er metið úr öðrum skólum og ef um undanþágur frá einstökum áföngum er að ræða.

5. Kennsluhættir

Lögð er áhersla á að kennsluhættir Menntaskóla Borgarfjarðar séu í stöðugri þróun og skólinn sé í fremstu röð hvað varðar nýjungar og fjölbreytni í kennsluháttum, þar sem sérstök áhersla er á tengingu við raunveruleika og hagnýta þekkingu í námi og kennslu. Nám við Menntaskólann tekur mið af einstaklingsmiðuðu námi en engu að síður er lögð mikil áhersla á að nemendur öðlist færni í að vinna með öðrum.

Markmið með námi og kennslu skólans er að efla frumkvæði, sjálfstæði og ábyrgð nemenda. Einnig er mikilvægt að nemendur þjálfist í tjáningu og ritfærni þar sem megin þunginn er á upplýsingalæsi og gagnrýna hugsun.

Kennsla í MB fer bæði fram í dreifnámi og staðnámi. Með dreifnámi er átt við að þeir nemendur sem í því eru sækja hluta kennslustunda í staðnámi. Þetta form hentar vel fyrir þá nemendur sem ekki eiga þess kost að sækja skólann daglega. Leitast er við að nýta kosti upplýsingatækni eins og mögulegt er í námi og kennslu.

Einstaklingsmiðað nám

Nám í MB tekur mið af hugmyndafræði einstaklingsmiðaðs náms. Í þeirri hugmyndafræði er aðaláherslan á að komið sé með sveigjanlegum hætti til móts við einstaklingsbundnar þarfir nemenda. Nemendur þurfa því ekki að læra það sama á sama tíma og ekki endilega með sömu námsaðferð, heldur geta þeir fengist við ólík viðfangsefni, misþungt efni, mismunandi námsefni eða unnið hver á sínum hraða, upp á eigin spýtur eða í hópum. Vinnan í einstökum áföngum miðar þó alltaf að sama lokamarkmiði og ætíð eru gerðar lágmarkskröfur til nemenda.



6. Umsjón

Hlutverk og markmið umsjónarkennara MB

Allir nemendur skólans hafa sérstakan umsjónarkennara. Starf umsjónarkennara er mismunandi eftir því hvaða nemendur eiga í hlut.

Meginmarkmið umsjónarstarfsins eru:

- að stuðla að góðu námsgengi nemenda í skólanum og koma þannig í veg fyrir brottfall þeirra úr skóla
- að stuðla að góðri líðan nemenda í skólanum m.a. með því að byggja upp jákvæðan starfsanda
- að miðla upplýsingum og auk þess að hitta hvern umsjónarnemanda a.m.k. einu sinni á önn í einkaviðtali

Hlutverk umsjónarkennara er að:

- fræða nemendur um skólann s.s. starfsfólk og starfssvið þeirra, starfshætti skólans, reglur, námsbrautir og valgreinar
- fylgjast með ástundun og gengi sinna umsjónarnemenda og veita þeim persónulegt aðhald og stuðning og koma ábendingum um námsvanda á framfæri við námsráðgjafa
- aðstoða nemendur við námsval og vinna námsáætlun næstu annar með þeim og fylgjast með mætingum nemenda
- stuðla að jákvæðum anda innan hópsins og vera í tengslum við forráðamenn nemenda (undir lögaldri) ef með þarf
- vera talsmaður nemenda gagnvart stjórnendum, kennurum og öðru starfsfólki skólans



7. Þjónusta við nemendur

Náms- og starfsráðgjöf

Námsráðgjafi skólans veitir nemendum leiðsögn í persónulegum málum sem snerta námið og skólann og er þeim til ráðgjafar og aðstoðar við lausn vandamála sem tengjast námi eða félagslegum þáttum skólavistarinnar. Viðtöl nemenda og námsráðgjafa eru alltaf trúnaðarmál. Námsráðgjafi er til viðtals þriðjud. kl. 9 - 15 og fimmtud. 13 - 15. Hægt er að panta tíma bæði á skrifstofu skólans og hjá námsráðgjafa.

Skrifstofa

Á skrifstofu skólans geta nemendur fengið upplýsingar um nánast allt sem við kemur skólastarfinu. Skrifstofan sér um að innheimta þau gjöld sem nemendur þurfa að greiða til skólans. Skólafulltrúi sér um veikinda-skráningu, afhendingu aðgangsorða að tölvukerfi auk annarra starfa.

**Skrifstofan er opin virka daga
milli 8:00 og 15:00**

Námsskjár / Inna

Námsskjár er kennslukerfi skólans, þar sækja nemendur verkefni, kennsluefni, skila verkefnum og hafa samskipti við kennara og aðra nemendur. Inna er upplýsingakerfi fyrir framhaldsskóla. Þar geta nemendur m.a. skoðað einkunnir, stundatöflu, skráningu yfir mætingar og námsferil. Nemendur fá sérstök lykilorð til þess að komast inn á Innu og Námsskjá.

Tölvur og netaðgangur

Allir nemendur í 50% námi eða meira hafa tækifæri á að leigja fartölvur af skólanum. Skólinn ákveður hvaða forrit og hvers konar netaðgang nemendur hafa. Tölvur eru dýr og viðkvæm tæki sem nemendur bera ábyrgð á. Ef tölva verður fyrir óeðlilegu hnjaski sem hægt er að rekja til slæmrar meðferðar verður nemandi sjálfur að greiða þann kostnað sem af því hlýst. Nánar er kveðið á um fartölvur í sérstökum samningi þar að lútandi.

Heimasíða skólans

Á heimsíðu skólans geta nemendur nálgast almennar upplýsingar um námið og skólann. Þar er að finna upplýsingar um námsbrautir og áfanga, starfsfólk og sitt hvað fleira sem nýtist nemendum. Heimasíðu skólans má finna á slóðinni www.menntaborg.is

Mötuneyti

Í skólanum er starfrækt mötuneyti en þar geta nemendur og starfsfólk fengið hádegisverð á vægu verði. Nauðsynlegt er fyrir nemendur að kaupa mánaðarkort fyrirfram og fæst það á skrifstofu skólans. Hver máltíð á haustönn kostar kr. 700. Á haustönn verður tekin upp sú nýbreytni að gefa nemendum kost á að kaupa sér morgunmat gegn vægu gjaldi. Ákveðið hefur verið að bjóða öllum nemendum upp á hafragraut sér að kostnaðarlausu fram til áramóta. Annar léttur morgunverður mun kosta nemendur 250 kr. hvert skipti.



8. Nemendafélag og fleira

Félagslíf

Félagslíf er mikilvægt nemendum í öllum skólum. Nemendafélag Menntaskóla Borgarfjarðar (NMB) sér um allt félagslíf og skemmtanir innan skólans. Á vori hverju er kosin stjórn nemendafélagsins þ.e. formaður, ritari, gjaldkeri og skemmtanastjóri. Auk þeirra er kosinn að hausti einn meðstjórnandi úr hópi nýnema. Á hverjum vetri eru starfandi nokkrir klúbbar sem þjóna mismunandi áhugasviðum nemenda. Stjórn NMB ásamt formönnum klúbba, sér um gjörninga og skemmtanir vetrarins.

Félagsaðstaða

Mikið er lagt upp úr góðri félagsaðstöðu fyrir nemendur. Í kjallara skólans er skrifstofa stjórnar nemendafélagsins ásamt góðum sal fyrir hina ýmsu félagsstarfssemi sem nemendafélagið stendur að.

Stjórn nemendafélagsins

Kosið er í stjórn nemendafélagsins á vorönn en þá eru kjörnir fjórir fulltrúar af fimm. Snemma á haustönn er fimmti stjórnarmaðurinn kosinn úr hópi nýnema við skólann.

MB - Heilsueflandi skóli

Frá og með haustönn verður Menntaskóli Borgarfjarðar þátttakandi í verkefninu Heilsueflandi framhaldsskóli. Markmiðið með þátttöku í verkefninu er að auka vellíðan nemenda í skólanum. Rannsóknir sýna að heilsuefling og forvarnir auka vellíðan nemenda og stuðla að bættem námsárangri og minnka brottfall úr skóla. Verkefnið skiptist í fjóra þætti: **Næringu - hreyfingu - geðrækt og lífsstíl**. Lögð er áhersla á einn til tvo þætti á ári. Á haustönn 2011 verður fyrsti þátturinn, næring tekinn fyrir.

Góðar tölvutengingar

Miðpunktur allrar kennslu er svokallaður Námskjár en þar sækja nemendur kennsluefni, verkefni, skila verkefnum, eiga samskipti við aðra nemendur o.fl. Því býður skólinn upp á öflugt þráðlaust net sem allir nemendur hafa aðgang að öllum stundum.

Inniskór

Það er stefna skólans að nemendur og starfsfólk gangi um á inniskóm. Slíkt fyrirkomulag hefur í för með sér að skólinn verður heilsusamlegri. Líklegt er að við slíkar aðstæður líði fólki betur við nám og störf en ella auk þess að kostnaður vegna þrifa, viðhalds og fleira verður mun minni en ella.

Skápar fyrir nemendur

Nemendum gefst kostur á að leigja sér aðgang að skáp þar sem þeir geta geymt bækur, tölvu og önnur gögn. Við afhendingu skápalykils greiða nemendur skilagjald.

Matur og drykkur

Það er stranglega bannað að matast og hafa drykki í kennslustundum enda dýr og viðkvæmur tölvubúnaður á hverju borði.

MUNA

Gott er að leigja skáp undir muni og föt

Nauðsynlegt að vera á góðum inniskóm

Virða rétt annarra til næðis við nám og kennslu

Leggja sitt af mörkum til að öllum líði sem best.

Leita aðstoðar námsráðgjafa fyrr en seinna.

Vinna jafnt og þétt í námi skilar bestum árangri

Starfsfólk

Aðalbjörg Þórólfsdóttir	Starfsbraut	adalbjorg@menntaborg.is
Agnes Hansen	Danska/íslenska	agnes@menntaborg.is
Anna Guðmundsdóttir	Íslenska	anna@menntaborg.is
Bjarni Þór Traustason	Stærðfræði/eðlisfræði	bjarnit@menntaborg.is
Elín Kristjánsdóttir	Námsráðgjöf	elin@menntaborg.is
Eva Karen Þórðardóttir	Dans	eva@vesturland.is
Eygló Harðardóttir	Matráður	eyglo@menntaborg.is
Fanney Þorkelsdóttir	Skólahjálp	fanney@menntaborg.is
Guðmundur Eyþórsson	Rekstrarha/starfsbraut	gudmundure@menntaborg.is
Guðný Sigríður Gunnarsdóttir	Starfsbraut	sigridur@menntaborg.is
Guðrún Erla Ólafsdóttir	Upplýsingatækni	gudrun@menntaborg.is
Gunnþórunn Gísladóttir	Ræsting	gunnthorunn@menntaborg.is
Hilmar Már Arason	Stærðfræði	hilmara@grunborg.is
Ingibjörg Ingadóttir	Enska/ferðamálafræði	ingibjorg@menntaborg.is
Ívar Örn Reynisson	Samfélagsgreinar	ivar@menntaborg.is
Kolfinna Jóhannesdóttir	Skólameistari	kolfinna@menntaborg.is
Kristján G. Arngrímsson	Sál-/siðfræð/uppeldisf	kristjan@menntaborg.is
Lilja S. Ólafsdóttir	Aðst.skólameist./íslenska	lilja@menntaborg.is
Nelita Vasconcellos	Spænska/enska	nelita@menntaborg.is
Sigurður Örn Sigurðsson	Íþróttir	sigurdur@menntaborg.is
Stefanía Nindel	Fjármálastjóri/bókfærsla	stefania@menntaborg.is
Veronika G. Sigurvinsdóttir	Skólafulltrúi	veronika@menntaborg.is
Þóra Árnadóttir	Raungreinar	thora@menntaborg.is

Stjórn nemendafélagsins

Sigríður Þorvaldsdóttir	Formaður	sigridurth09@menntaborg.is
Guðríður Hlíf Sigfúsd	Gjaldkeri	gudridur08@menntaborg.is
Guðrún Sara Ásbjörnsdóttir	Ritari	gudrunsa09@menntaborg.is
Alda Rós Hafsteinsd.	Form. skemmtinefndar	aldarh09@menntaborg.is

Skóladagatal - haustönn 2011

	ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR
1 M	Friðdagur verslunamanna	1 F	1 L	1 Þ	1 F VARDA 3	1 S Þvíkingsdagur
2 Þ		2 F	2 S	2 M	2 F	2 M
3 M		3 L	3 M	3 F Umsjónarfundur	3 L	3 Þ
4 F		4 S	4 Þ	4 F	4 S	4 M
5 F		5 M	5 M	5 L	5 M	5 F
6 L		6 Þ	6 F	6 S	6 Þ	6 F Þrettándin
7 S		7 M	7 F	7 M	7 M	7 L
8 M		8 F	8 L	8 Þ	8 F Umsjónarfundur	8 S
9 Þ		9 F	9 S	9 M	9 F	9 M
10 M		10 L	10 M	10 F	10 L	10 Þ
11 F		11 S	11 Þ	11 F	11 S	11 M
12 F		12 M	12 M	12 L	12 M	12 F Annaski
13 L		13 Þ	13 F	13 S	13 Þ	13 F Annaski
14 S		14 M	14 F	14 M	14 M	14 L
15 M		15 F	15 L	15 Þ	15 F	15 S
16 Þ		16 F	16 S	16 M Dagur íslenskrar tungu	16 F	
17 M		17 L	17 M	17 F	17 L	
18 F	Kennarafundur	18 S	18 Þ	18 F	18 S	
19 F		19 M	19 M	19 L	19 M Áskorendadagur	
20 L		20 Þ	20 F	20 S	20 Þ	
21 S		21 M	21 F	21 M	21 M	
22 M	Skólabyrjun - stundatöfur	22 F VARDA 1	22 L	22 Þ	22 F	
23 Þ		23 F	23 S	23 M	23 F Þorlákamessa	
24 M	Foreldrafundur	24 L	24 M	24 F	24 L Afþingadagur jóla	
25 F	Umsjónarfundur	25 S	25 Þ	25 F	25 S Jóladagur	
26 F		26 M	26 M	26 L	26 M Annar í jólin	
27 L		27 Þ	27 F VARDA 2	27 S	27 Þ	
28 S		28 M	28 F	28 M	28 M	
29 M		29 F Umsjónarfundur	29 L	29 Þ	29 F	
30 Þ		30 F	30 S	30 M	30 F	
31 M	Haustferð		31 M Vetrarfrí		31 L Gamlársdagur	

SAMKOMULAG

ER UM AÐ:

Hjálpast að

Enginn líði einelti

Vera á inniskóm innanhúss

Matast ekki í kennslustundum

Vera ekki með drykki í kennslustundum

Ganga vel um fartölvur og annan búnað

Ganga vel um húsnæði skólans og skólalóð

Reykja ekki í skólanum eða lóð hans

Sækja kennslustundir af alúð

Sýna hvert öðru virðingu

Mæta vel

Læra